


Byggingarlýsing: (112/2012 4.3.9. gr.)

Byggingin verður einnar hæðar einbýlishús sem staðsett verður að Ártungu 4, á Ísafirði. Tvö bílastæði verða staðsett fyrir framan bílskúrinn. Eingöngu er heimilt að nota byggingarvörur, og þar með talið forsmíðaðar einingar, sem eru CE-merktar eða hafa hlotið sambærilega viðurkenningu samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum um mannvirkjagerð.

Aðkoma: (112/2012 4.3.9. gr.)

Frá aðliggjandi götu, Ártungu.

Grundun: (112/2012 4.3.9. gr. & 9.9.2. gr.)

Grafa skal niður á frostfrían, burðarhæfan jarðveg. Grafið er út fyrir húsgrunni niður á fastan óhreyfðan jarðveg. Grunnur skal hreinsaður vel áður en fyllt er í hann. Fyllt skal í grunninn með burðarhæfri, frostfrírri fyllingu sem þjappist vel í þunnum lögum. Fara skal alfarið eftir fyrirmælum RB-blaða um efni og vinnu við þjöppun.

Sökklar og undirstöður: (112/2012 4.3.9. gr.)

Forsmíðað sökkulkerfi frá Legalett Byggsystem AB, tilsniðnar EPS blokkir sem forma staðsteyptan sökkul og plötu. Þykkt einangrunar undir steyptri botnplötu er 280mm.

Þak: (112/2012 4.3.9. gr. & 9.9.2. gr.)

Burðarvirki þaksins er kraft sperrur úr timbri að hluta og að hluta verður límtrésbiti í mæni og upptekið loft. Klætt er ofan á kraft sperrur með 22mm nótuðum panell sem klæðist með asfaltpappa, lektum og bárujárnsklæðningu. Einangrunarlag kemur í neðri brún kraftsperrunnar, heildarþykkt einangrunar skal ekki fara undir 225mm að þykkt með vindpappa að ofanverðu.

Loftræsing er um þakskegg. Undir kraft sperruna skal rakavarnarlagið koma og undir það kemur lagnagrind sem klæðist með einu lagi af hefðbundnu loftaklæðningu. Rakavarnarlag skal enda þétt.

Útveggir: (112/2012 4.3.9. gr. & 9.9.2. gr.)

Útveggir koma í forsmíðuðum einingum frá framleiðandanum Mjöbäcks í Svíþjóð. Burðargrind er 170mm þykk einangrunarfyllt timburgrind, þykkt að utan með 30mm einangrun og klædd með vindpappa, lektum og liggjandi klæðningu á 28mm loftunargrind. Að innan kemur rakasperra, 45mm lagnagrind og 11mm OSB og 12,5mm gifsklæðningu.

Timbur/álgluggar, áfellulistar og úthornalistar verða hvítir

Þakið verður aluzink (standard litur frá framleiðanda).

Innveggir : (112/2/2012)

Eldvarnarveggur er á milli íbúðar og bílskúrs og er ekki leyfilegt að leggja lagnir í þann vegg án þess að hafa samband við hönnuð og skal það gert skriflega. Skal eldvarnarveggurinn ná frá botnplötu upp til neðri brúnar þakklæðningar. Skal veggurinn ná að rakavarnarlagi útveggja. Brunamótstaða veggjar á milli íbúðar og bílskúrs skal vera EI-60.

Aðrir innveggir eru almenn byggðir með 70mm trégrind sem klædd er með 11mm OSB plötu og 12,5mm hefðbundnu gifsi. Einn veggur er þykkari þ.a.s veggur sem klósett eru hengd á. Sá veggur er með 120mm trégrind en með sama sniði og léttir innveggir byggingarinnar að öðru leiti.

Gólf : (112/2012)

Votrými eru físalögð önnur rými eru með parketi.

Loftaefni : (112/2012)

Loft eru klædd með 12,5mm loftaklæðningu.

Loftræsing íbúðar (112/2012 10.2.5. gr.)

Rými með kröfu um loftræsingu, geymsla, snyrtingar og þvottahús, loftræsast með opnananlegum fögum.

Brunavarnir: (112/2012 4.3.9. gr.)

Mannvirki er skilgreint í notkunarflokk 3 (9.1.3. gr.)

Hönnun brunavarnar byggir á ákvæðum byggingarreglugerðar.

Krafa er um sjálfvirka brunaviðvörun (9.4.2.gr) og er það leyst með stökum reykskynjurum.

Krafa er um handslökkvitæki. (9.4.4.gr)

Flóttaleiðir eru um útihurðir og björgunarop (9.5.2.gr.)

Göngulengdir eru undir viðmiðunarlengdum samkv. gr.9.5.6.

Dyr í flóttaleiðum mega opnast gegn flóttaátt (9.5.9.gr)

Loft og veggjaklæðningar eru í flokki 1, (9.6.8.gr)

Hurð milli bílskúrs og íbúðar skal vera EI230-CSm, svo fremi að hún opnist inn í þvottahús með hurð að íbúð.

Veggir að bílskúr skulu vera EI60. (9.6.20.gr).

Aðkoma slökkviliðs er frá götu (9.8.2.gr)

Flokkun burðarvirkis m.t.t brunamótstöðu er R30, þar sem áhætta vegna öryggis fólks er lítil (Tafla 9.10).

Lagnakerfi: (112/2012 4.3.9. gr.)

Upphitun er í gegnum gólfhitakerfi sem lagt er í gólfplötu.

Algild hönnun/umferðarleiðir: (112/2012)

Umferðarbreidd inngangsdyra er minnst 0,83m. Svala- og garðdyr ásamt öðrum dyrum í byggingunni uppfylla lágmarkskröfu um hindrunarlausa umferðarbreidd sem er 0,8m og hæð 2,0m. Íbúðirnar uppfylla kröfu um algilda hönnun er varða umferðarleiðir innan jarðhæðar í íbúðum meginrými á jarðhæð. (6.1.3.gr). Þrepalaus gönguleið er frá bílastæði inn í hús.

Frágangur lóðar: (112/2012 7.2 kafli).

Lóð verður gróin bakatil, en hellulögð / steypt bílastæði og stéttar að framanverðu.

Meðhöndlun sorps:

Öll meðhöndlun sorps skal vera í samræmi við reglur sveitafélagsins.

Hleðslutengi fyrir rafbíla er á vegg við hliðiná bílskúrshurð

Landnúmer: L206831
Fastanúmer: F2336491
Staðgreinir: 4200-1-02300040

Birt flatarmál: 153,5m2

Brúttó Rúmmál: 654,3m3

Stærð lóðar: 864 m2

Nýtingahlutfall: 0,18

Krafa byggingarreglugerðar. Raungildi hússins.

U-gildi (W/m2k) sem eru:

Þak: <0,2 0,15

Léttur Útveggur: <0,3 0,19 (óeinangruð lagnagrind) annars 0,16

Gluggar/hurðir: <2,0/3,0 1,2

Gólf á fyllingu: <0,3 0,18

| ÚTG. | BREYTING | DAGS. | NAFN |
|---|---|---|---|
| | | | |

A2

**Tækniþjónusta Vestfjarða**

Aðalstræti 26, 400 Ísafirði. Sími: 456 3902. Fax 456 5097

# Ártunga 4 Ísafirði

AFSTAÐA

| TEIKNINÚMER | MÆLIKVARÐI | ÚTGÁFA |
|---|---|---|
| A-01 | 1/500 | 01 |
| | DAGSETNING | NAFN |
| HANNAÐ | 06,03,2021 | EBS |
| TEIKNAÐ | 06,03,2021 | EBS |
| YFIRFARIÐ | | SOS |

NR.




Skýringar:
GN: Gólfniðurfall
BO: Björunarop
R: Reykskinjari
ÞN: Þakniðurfall
HST: Hanslökkvitæki
GK: Hæðarkvóti gólfs

| ÚTG. | BREYTING | DAGS. | NAFN |
|---|---|---|---|
| | | | |

A2

**Tæknilþjónusta Vestfjarða**
Aðalstræti 26, 400 Ísafirði. Sími: 456 3902. Fax 456 5097

# Ártunga 4 Ísafirði

GRUNNMYND

| TEIKNINÚMER | MÆLIKVARÐI | ÚTGÁFA |
|---|---|---|
| A-02 | 1/100 | 01 |
| | DAGSETNING | NAFN |
| HANNAÐ | 06,03,2021 | EBS |
| TEIKNAÐ | 06,03,2021 | EBS |
| YFIRFARIÐ | | |

NR.




Suður




Vestur




Norður




Austur




Snið B-B




Snið A-A

| ÚTG. | BREYTING | DAGS. | NAFN |
|---|---|---|---|
| | | | |

A2

Tækniþjónusta Vestfjarða
Aðalstræti 26, 400 Ísafirði. Sími: 456 3902. Fax 456 5097

# Ártunga 4 Ísafirði

SNIÐ-OG-ÚTLIT

| TEIKNINÚMER | MÆLIKVARÐI | | ÚTGÁFA |
|---|---|---|---|
| A03 | 1/100 | | 01 |
| | | DAGSETNING | NAFN |
| | HANNAÐ | 06,03,2021 | EBS |
| | TEIKNAÐ | 06,03,2021 | EBS |
| | YFIRFARIÐ | | SOS |
| NR. | | | |

**Skráningartafla:** Ártunga 4
**Landnúmer:** L206831
**Matshlutanúmer:** 01
Útgáfa: 4.01b

**Skrásetjari:** Einar Birkir Sveinbjörnsson
**Kennitala:** 010585-5389
**Dags.:** 6.3.2021

**Uppskipting og lýsing** / **Stærðir**

| D0 Lokun | D1 Rými hæð-röð | D2 Notkun texti | D3 Höfuð-flokkun | D4 Eignar-hald | D5 Botnflötur m² | D5M Milliflötur m² | D6 Stigar m² | D7 Op m² | D8 Brúttóflötur m² | D9 Brúttóflötur sh < 1,8 | D10a Salarhæð min | D10b Salarhæð max | D11 Brúttó rúmmál m³ | D12 Nettóflötur m² | D16 Birt flatarmál m² | Reiknitala skiptarúmmáls | D17 Skipta-rúmmál m³ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | **Matshluti** | | | 153,5 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 153,5 | 0,0 | | | 520,3 | 134,2 | 153,5 | | 428,216 |
| | | **Botn** | | | | | | | | | | | 30,7 | | | | |
| | 01 | **1. hæð** | | | 153,5 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 153,5 | 0,0 | | | 489,6 | 134,2 | 153,5 | | |
| A | 0101 | **Íbúð** | N | 0101 | 113,5 | | | | 113,5 | | 2,76 | 3,70 | 366,6 | 99,2 | 113,5 | 3,23 | 320,416 |
| A | 0102 | **Bílskúr** | B | 0101 | 40,0 | | | | 40,0 | | 2,76 | 3,39 | 123,0 | 35,0 | 40,0 | 3,08 | 107,800 |

**Athugasemdir**

Ekki er lyfta í húsinu

**Sameignir sumra**

**Eignarhald**

| | Eignar-hald | Notkun texti | Birt flatarmál m² | Skiptarúmmál: Séreign m³ | Skiptarúmmál: Séreign og sameign m³ |
|---|---|---|---|---|---|
| | 0101 | **Íbúð** | 153,5 | 428,216 | 428,216 |
| | | **Alls** | 153,5 | 428,216 | 428,216 |

| ÚTG. | BREYTING | DAGS. | NAFN |
|---|---|---|---|

A2

**Tækniþjónusta Vestfjarða**
Aðalstræti 26, 400 Ísafirði. Sími: 456 3902. Fax 456 5097

# Ártunga 7 Ísafirði

SKRÁNINGATAFLA

| TEIKNINÚMER | MÆLIKVARÐI | ÚTGÁFA |
|---|---|---|
| A-04 | 1/100 | 01 |
| | DAGSETNING | NAFN |
| HANNAÐ | 12,03,2021 | EBS |
| TEIKNAÐ | 12,03,2021 | EBS |
| YFIRFARIÐ | | SOS |
| NR. | | |